

Áveitan

11. tbl. 3. árgangur. Nóvember 2009.



Kornskurðarballið

Hið víðfræga Kornskurðar- og heimaslátrunarboll verður haldið í Þjórsárveri laugardagskvöldið 21. nóvember. Jón Bjarnason leikur fyrir dansi fram eftir nóttu. Einnig verða leyniveitingarnar á sínum stað þegar líður á kvöldið. Húsið opnar klukkan 23:00. Almennt miðaverð er 2000 kr, **en þeir sem mæta með þverslaufu eða slaufu í hárinu borga aðeins 1500 kr.**

Vonumst til að sjá sem flesta.

Umf. Vaka



Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is

Frá Sveitarstjóra

Gjaldskrá fyrir búfjárefirlit

Til að komast hjá óþarfa innheimtu eru bændur vinsamlegast minntir á gjaldskrá um búfjárefirlit vegna aukaheimsóknna að hausti sem sveitarstjórn samþykkti á síðasta ári en hún er svohljóðandi:

1. gr.

Gjald fyrir sérstaka haustskoðun skv. 11. gr.laga nr. 103/2002 um búfjárhald ofl. skal miðast við að vera heildargjald. Gjald fyrir hverja skoðun er kr. 7.836 með virðisaukaskatti. Innifalið er vinna og akstur.

2. gr.

Eftirlitsgjald sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald ofl. skal vera kr. 7.836 með virðisaukaskatti, fyrir hverja heimsókn. Innifalin er vinna og eftirlit á bæ ásamt akstri.

3. gr.

Komi til þess að grípa þurfi til handsömunar, fóðrunar og hýsingar búfjár sbr. ákvæði 4. mgr. 10. gr. laga nr. 103/2002, skal búfjáreigandi greiða gjald sem nemur útlögðum kostnaði sveitarfélagsins hverju sinni.

4. gr.

Þurfi að leita dómsúrskurðar til að tryggja eftirlitsaðilum aðgang að gripahúsum sbr. 15. gr. laga nr. 103/2002 skal búfjáreigandi greiða gjald sem nemur útlögðum kostnaði sveitarfélagsins í hvert sinn.

5. gr.

Gjald skv. 1. og 2. gr. þessarar gjaldskrár uppfærist til samræmis við breytingu á vísitölu neysliverðs án húsnæðis m.v. 1. nóvember ár hvert. Vísitala október 2008 er 292,9.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er samin samkvæmt heimild í 4. mgr. 10. gr. laga um búfjárhald ofl. nr. 103/2002 og tekur gildi við birtingu.

Sorpmál

Sveitarstjórn og umhverfisnefnd Flóahrepps funduðu með Íslenska Gámafélaginu miðvikudaginn 21. október s.l. um sorpmál. Á fundinum var m.a. farið yfir árangur

þriggja tunnu kerfisins í tölum og máli. Það var ánægjulegt að heyra að íbúar eru nánast undantekningalaust að flokka sitt sorp en þó var munur á milli efra og neðra svæðis hvað varðar árangur. Birtar verða á næstunni upplýsingar um árangur og framvindu verksins. Meðferð á rúlluplasti er til fyrirmyndar og nánast allt það plast sem hirt er hjá bændum, nýtanlegt til endurvinnslu.

Í lok fundar afhenti sveitarstjóri, fyrir hönd Flóahrepps, framkvæmdastjóra Íslenska Gámafélagsins viðurkenningarskjal fyrir gott samstarf í eitt ár við umhverfisverkefnið "þriggja tunnu kerfið" í Flóahreppi.

Erindi frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga

Á síðasta fundi sveitarstjórnar þann 7. október s.l. var lagt fram til kynningar bréf frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga dags. 26. ágúst s.l. þar sem fram kemur að ákvörðun um úthlutun framlags til Flóahrepps vegna viðbyggingar Flóaskóla verði frestað þar til niðurstaða liggur fyrir um hvað ráðstöfunarfjármagn sjóðsins á árinu 2009 verður og fjárlög ársins 2010 hafa verið samþykkt.

Jafnframt var lagt fram til kynningar bréf frá Flóahreppi til Jöfnunarsjóðs þar sem óskað er eftir því að sjóðurinn endurskoði afstöðu sína og að fyrri vilyrði verði látin gilda enda hafi sveitarfélagið staðið skil á öllum þeim gögnum sem óskað var eftir af hálfu sjóðsins og ljóst að ekki hefði verið ráðist í framkvæmdir nema vegna vilyrðis um framlag gegn ákveðnum skilyrðum sem sveitarfélagið hefur uppfyllt.

Sveitarstjórn sendi bréf til samgönguráðherra, ráðgjafanefndar Jöfnunarsjóðs, þingmanna Suðurlands, samtaka íslenskra sveitarfélaga og samtaka sunnlenskra sveitarfélaga þar sem fram kemur að um verulegan skell sé að ræða fyrir Flóahrepps sem hafði gert ráð fyrir framlaginu í öllum sínum kostnaðarútreikningum.

Einnig segir í bréfinu að mikil vinna hafi verið lögð í að efla traust á milli ríkis og sveitarfélaga sbr. stefnumörkun Jónsmessunefndar og vegvísi að gerð hagstjórnarsamnings sem undirritaður var á dögnum af samgönguráðherra og formanni sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til að efla þetta traust þarf að sýna það í verki svo ekki sé um innantóm orð að ræða. Það er því von forsvarsmanna Flóahrepps að áður útgefin vilyrði verði látin gilda eins og gert hafði verið ráð fyrir og að orð muni standa.

Sveitarstjóri og oddviti hafa einnig fundað með samgönguráðherra vegna málsins sem vonandi fær góðan endi.

Gaulverjaskóli

Á fundi sveitarstjórnar var einnig tekið fyrir bréf frá eigendum Gaulverjaskóla þar sem óskað var eftir því að lokagreiðsla vegna kaupa þeirra á Gaulverjaskóla, um 8 milljónir króna, verði felld niður. Í bréfinu kom fram að mikill kostnaður hafi fallið á eigendur vegna ýmissa framkvæmda sem fara þurfti í og ekki var gert ráð fyrir við kaupin. Sveitarstjórn hafnaði erindinu en samþykkti að jarðskjálftabætur vegna trésmiðju við Gaulverjaskóla frá Viðlagatryggingu Íslands renni óskiptar til eigenda.

Fundur með þingmönnum

Árleg kjördæmavika þingmanna stendur yfir um þessar mundir og hittu þeir sveitarstjórnarmenn í Árnessýslu þriðjudaginn 27. október.

Þingmönnum voru kynnt málefni vatnsveitu, framkvæmdir við Flóaskóla og aðkomu Jöfnunarsjóðs að þeim og aðalskipulagsmál. Einnig var fjallað um samgöngur, raforkuverð og atvinnumál við þá.

Fundur með sveitarstjóra og oddvita

Margrét og Aðalsteinn ætla að vera í Félagslundi laugardaginn 14. nóvember n.k. frá kl. 10:00-12:00.

Íbúar eru hvattir til að koma og láta í sér heyra um hvað má betur fara að þeirra mati og hvað þeir eru ánægðir með. Heitt verður á könnunni.

Frá Íslenska Gámafélaginu

Nú er rétt ár liðið frá því að Flóahreppur fór af stað með þriggja tunnu flokkun í sveitarfélaginu. Innleiðing kerfisins gekk vel og voru íbúar afar jákvæðir og áhugasamir um flokkunina. Flóahreppur var fyrsta sveitarfélagið í dreifbýli á landinu sem bauð upp á að sækja endurvinnanlegt og lífrænt heimilissorp á öll heimili í sveitarfélaginu. Óhætt er að segja að vel hafi tekist til með flokkun og á þessu ári sem liðið er hefur dregið verulega úr urðun úrgangs úr sveitarfélaginu. Nú er svo komið að um 57% af þeim úrgangi sem sóttur er heim á bæi í Flóahreppi fer til endurvinnslu og með því endurvinnsluhlutfalli er ljóst að Flóahreppur hefur tekið forystu í umhverfismálum á Suðurlandi. Á þessu ári sem liðið er frá innleiðingu kerfisins hefur vel á annað hundrað tonn farið til endurvinnslu úr sveitarfélaginu og því er umhverfislegur ávinningur fyrir samfélagið umtalsverður. Til gamans má geta þess að með flokkun á heimilissorpi hafa íbúar Flóahrepps “bjargað” um 500 trjám með þeim pappír sem þeir hafa sett í Grænu tunnuna. Um leið og við fögnum þessum áfanga og óskum íbúum Flóahrepps til hamingju með árangurinn og frábærar viðtökur viljum við setja fram ný markmið í endurvinnslunni og stefna á að ná 67% endurvinnsluhlutfalli á næsta ári. Vert er að minnast á að frá og með 1. desember n.k. verður urðunarstaðnum á Kirkjuferjuhjáleigu lokað og eftir þann tíma er stefnt að því að öllum úrgangi verði ekið til Sorpu í Reykjavík. Við þessar breytingar hækkar förgunarkostnaður íbúa á Suðurlandi gríðarlega en með góðri flokkun má draga úr áhrifum þessara breytinga þar sem sveitarfélagið greiðir ekkert fyrir afsetningu hráefna úr Grænu og Brúnu tunnunum. Með því að leggja örlítið meira á sig við flokkun í Grænu og Brúnu tunnurnar má auðveldlega ná fyrrnefndu markmiði og um leið hugsa vel um umhverfið.

Fréttir frá Krakkaborg

Börnin una glöð við sitt hér í Krakkaborg. Leikur þeirra blómstrar enda er leikurinn gleðigjafi og tjáningarform barna. Hann veitir þeim tækifæri til sjálfsnáms því í leik læra þau margt sem enginn annar getur kennt þeim. Það er svo sannarlega dýrmætt að kunna að leika sér.

Í októbermánuði bættist eitt barn í okkar góða nemendahóp en hann heitir Eldur Arnarsson og býr í Hrauntúni. Við bjóðum hann og fjölskyldu hans hjartanlega velkomin í leikskólann okkar.

Samstarf Krakkaborgar og Flóaskóla er í stöðugri þróun og gengur mjög vel. Reynsla síðustu ára hefur leitt í ljós hversu mikilvægt það er að skapa samfellu á milli þessara tveggja skólastiga. Það hefur sýnt sig að gott samstarf Krakkaborgar og

Flóaskóla hefur leitt til þess að leikskólanemendur eru mun betur undir það búnir að takast á við verkefni grunnskólans. Góð félags- og tilfinningaleg líðan barna er lykilaþriði að velgengni og námsárangri þegar í grunnskóla er komið. Einnig leiðir þetta samstarf til þess að kennarar Flóaskóla kynnast verðandi 1. bekkingum og geta því komið betur til móts við þarfir þeirra í upphafi grunnskólagöngunnar. Mánudaginn 19. október s.l. fóru elstu börn leikskólans í sína fyrstu formlegu heimsókn í Flóaskóla á þessu skólaári. Heimsóknin gekk mjög vel, börnin fengu að fara í frímínútur og síðan í verkefnatíma með 1. bekk. Ekki var síður skemmtilegt að fá að fara með skólabíl í skólann, en ferðir með skólabílum eru alltaf jafn vinsælar hjá börnunum.

Í októbermánuði var Hljóm - 2. lagt fyrir elstu börn leikskólans. Markmið þess er fyrst og fremst að vera vakandi um hljóðkerfisvitund barnanna, svo hægt sé að grípa fljótt og örugglega inni ef þurfa þykir og stuðla þannig að því að lestrarnám þeirra gangi sem best. Elstu börn leikskólans fara fjórum sinnum í viku í markvissa málörvun þar sem hljóðkerfis- og málvitund þeirra er efl. Það eru þær Halla deildarstjóri Tígradeildar og Rannveig Bjarnfinnsdóttir er sinnir sérkennslu í leikskólanum sem hafa umsjón með þeim tímum.

ART – stundirnar hafa gengið virkilega vel. Börnin eru mjög áhugasöm og hlakka mikið til þeirra. Það er gaman að segja frá því að yngri börn leikskólans hafa einnig fengið að njóta þess að ART þjálfunaraðferðin hefur verið tekin upp hér í leikskólanum. Ein stúlkan úr ART-hópnum tók sig til einn morguninn og skellti á ART – stund okkur öllum til mikillar ánægju. Það var hrein unun að sjá hversu gaman yngri börnunum þótti þessi stund og ljóst að hér leynist upprennandi leikskólakennari. Það eru því orða sönn að „Það læra börnin sem fyrir þeim haft“.

Sr. Sveinn Valgeirsson sóknarprestur kemur einu sinni í viku í heimsókn á Tígradeild. Meðal annars segir hann börnunum sögur, ræðir við þau um daginn og veginn og kennir þeim ný og skemmtileg lög. Börnin fá falleg verkefnablöð í tímunum sem þau safna yfir veturinn.

Þann 10. nóvember kl. 8:00 – 11:00 verður haldið opið málþing á Grand Hótel í Reykjavík er ber heitið „Barnvænt samfélag“. Markmið þess er að skapa tækifæri fyrir hagsmunaaðila til að ræða um barnvænt samfélag út frá ólíkum sjónarhornum. Ekkert þátttökugjald er á málþingið en skráning fer fram á www.sa.is. Þar er einnig hægt að finna frekari upplýsingar og dagskrá málþingsins. Að málþinginu standa Féлага leikskólakennara, Samtök atvinnulífsins sem og Heimilli og skóli, Landsamtök foreldra. Við hvetjum fólk til að mæta og leggja sitt á vogarskálarnar til að standa vörð um hagsmuni barna.

Bestu kveðjur, f.h. starfsfólks Krakkaborgar
Karen Viðarsdóttir leikskólastjóri
karen@floahreppur.is, gsm 698-6148.

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps

**Erna í Heiðargarði býður okkur í opið hús fimmtudaginn
19. nóvember frá kl. 20:30. Jólakortin verða til sölu.
Mætum sem flestar með góða skapið í farteskinu.**

Spilakvöld Samhygðar og Vöku

Spilakvöld fara nú aftur af stað eftir árs hlé. Spiluð verður félagsvist í Þjórsárverri föstudagskvöldið 13. nóvember og verður byrjað að gefa í fyrsta spil kl. 20:30. Viku seinna, 20. nóvember, verður svo spilað í Félagslundum á sama tíma. Að þessu sinni verður sá háttur hafður á að spjaldið kostar ekkert og verðlaun verða engin. Bara að mæta, hitta aðra, spila, og hafa gaman af. Allir eru hjartanlega velkomnir sama hvaðan þeir koma. Sjoppa verður opin.

Árgjald Umf Vöku

Nú er komið að því að innheimta árgjöld Umf. Vöku fyrir árið 2009. Allir félagsmenn 12 ára og eldri greiða árgjald og er það 700 kr á ári. Félagar geta annaðhvort greitt í gegnum heimabanka eða haft samband við bankann sinn og beðið gjaldkera um að millifæra. Gott væri að setja nafn og kennitölu viðkomandi félagsmanna sem skýringu.

Ég minni á að nauðsynlegt er að hafa greitt árgjald ætli viðkomandi að óska eftir styrk frá félaginu vegna íþróttaiðkunar. Vakni einhverjar spurningar, endilega hafið samband í síma 845-9719 eða í tölvupósti lyngh@emax.is
Kennitala Umf. Vöku 471077-0389
Reikningur 0152-26-2216

Með kveðju, Hallfríður Ó. Aðalsteinsdóttir

Kvennasport

Minni allar konur í Flóahreppi á kvennasport á mánudögum og miðvikudögum kl 20:00-21:00 í Þjórsárverri. Tímarnir eru fjölbreyttir og skemmtilegir og lögð er áhersla á góðar æfingar sem henta hverri og einni. Þátttaka er nokkuð góð en við byrjuðum um miðjan september.

Ég býð einnig upp á mælingar fyrir þær konur sem vilja þ.e. ummálmælingar og fituprósentumælingu ásamt því að bjóða upp á ráðleggingar um mataræði og matardagbók.

Greitt er í lok hvers mánaðar fyrir þá tíma sem mætt hefur verið í.

Með von um áframhaldandi góða þátttöku.

Hulda Kristjánsdóttir, íþróttifræðingur
hulda@floahreppur.is
gsm: 866-3245

Frá Flóaskóla

Nú eru 9 vikur liðnar frá skólabyrjun og aðeins 8 kennsluvikur eftir fram að jólafríi. Í lok október komu nemendur í viðtal til umsjónarkennara ásamt foreldrum sínum, fóru yfir fyrstu vikurnar og settu sér markmið til næstu vikna. Á viðtalsdeginum var lögð viðhorfskönnun fyrir foreldra og er nú unnið að úrvinnslu hennar.

Þemadögum í útikennslu er nú lokið. Nemendur útbjuggu aðstöðu til að geta stundað hluta af námi sínu úti, auk þess sem þeir bjuggu til leikföng og námstæki úr náttúrulegum efniviði til notkunar við útinámið. Foreldrum verður boðið í skólann fljótlega til að skoða afrakstur þemadaganna. Pétri í Hnausi sendum við þakkir fyrir að leyfa okkur að taka tré, trjáboli og greinar í Hnausi og Guðmundi umsjónarmanni fasteigna Flóahrepps færum við þakkir fyrir aðstoð við efnisöflun. Bjarni í Syðri-Gróf reyndist okkur einnig mjög vel og við þökkum honum fyrir hjálpina við sögunina.

Dansnámskeið á vegum Dansskóla Jóns Péturs og Köru verður haldið fyrir nemendur í byrjun nóvember og mun því ljúka með danssýningu fyrir foreldra eins og undanfarin ár. Dansinn gefur tækifæri til hollrar hreyfingar en er auk þess gott tæki til að æfa félagsfærni, samvinnu og framkomu.

Dagur íslenskrar tungu verður haldinn hátíðlegur mánudaginn 16. nóvember, á fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar. Þann dag koma nemendur skólans fram á sal og flytja ljóð, syngja og lesa sögur. Elstu nemendur Krakkaborgar verða hjá okkur þann dag og syngja með vinum sínum í 1. og 2. bekk.

Sr. Sveinn Valgeirsson hefur nú hafið fermingarfræðslu meðal 8. bekkinga og hefst hún einnig hjá Sr. Kristni Ágústi nú í nóvember. Prestarnir hitta væntanleg fermingarbörn eftir að skóla lýkur á fimmtudögum og fá að nýta aðstöðu í skólanum fyrir fræðsluna.

Nemendur í 8. bekk hafa haft mikið að gera við nám sitt í umhverfis- og starfsfræðslu. Þeir heimsóttu nýverið listasmíðjuna „Tré og list“ í Forsæti í Flóahreppi. Hjónin Ólafur Sigurjónsson og Bergþóra Guðbergsdóttir tóku á móti þeim, kynntu fyrir þeim safnið og þær sýningar sem þar eru. Þeim hjónum færum við þakkir fyrir höfðinglegar móttökur og sérlega vel heppnaða heimsókn. Þegar þetta er ritað er á döfinni að fara í kynnisferð vegna flugvélasmiði til Alla á Sandbakka og fá námskeið í leikhúsförðun hjá Kolbrúnu í Kolsholti.

Allir nemendur skólans tóku þátt í Norræna skólahlauptinu sem haldið var 21. október. Nemendur gátu valið um að ganga eða hlaupa 2,5 km, 5 km og 8. bekkingar gátu auk þess valið 10 km. Halldór Bjarnason Syðri-Gróf og Ásrún Halla Loftsdóttir Skúflæk II stóðu sig frábærlega vel og hlupu hvort um sig 10 km. Norræna skólahlauptið var að þessu sinni haldið í samvinnu við

ungmennafélagin Baldur, Samhygð og Vöku.

Skyn dihjálparnámskeið var haldið fyrir starfsmenn skólans og skólabílstjóra í lok október. Námskeiðið var fengið hjá Rauða krossinum og er hluti af símenntun starfsmanna.

Flensan sem nú herjar á landsmenn hefur að sjálfsögðu stungið sér niður í Flóahreppi eins og annars staðar. Samkvæmt viðbragðsáætlun skólans vegna inflúensu er lögð áhersla á handþvott og almennt hreinlæti og að fólk haldi sig heima ef það hefur inflúensu lík einkenni, s.s. hita, höfuðverk, beinverki, hósta og særindi í hálsi.

Vinsamlegast athugið að ýmsar upplýsingar um skólann má nálgast á heimasíðu Flóahrepps www.floahreppur.is. Vinstra megin á síðunni er tengillinn „skólar“.

Bestu kveðjur frá öllum í Flóaskóla,

Glímufréttir

Góð ferð var gerð á Akranes 17. október. 6 krakkar úr Samhygð, Vöku og Baldri kepptu þar í meistaramóti 15 ára og yngri og sveitaglímu 15 ára og yngri. Hér má sjá úrslit okkar fólks.

Stelpur 10-11 ára 5 keppendur

4.-5. Hanna Kristín Ólafsdóttir

Telpur 12-13 ára –55 kg 4 keppendur

1. Guðrún Inga Helgadóttir

Meyjar 14–15 ára 2 keppendur

1. Marín Laufey Davíðsdóttir

Strákar 10-11 ára +42 kg 9 keppendur

1. Þorgils Kári Sigurðsson

3. Jón Gunnþór Þorsteinsson

Sveinar 12-13 ára –55 kg 10 keppendur

5.-10. Viðar Janus Helgason

Í sveitakeppninni voru þeir Þorgils og Jón í sigursveit HSK í sínum flokki og eins Guðrún Inga. Sveit HSK í aldursflokki Viðars hafnaði í 4.-5. sæti.

Fjórðungsglíma Suðurlands

Næsta mót á dagskránni hjá krökkunum er Fjórðungsglíma Suðurlands en hún fer fram fimmtudagskvöldið 19. nóvember að Laugalandi í Holtum. Mótið hefst kl. 19.00. Að sjálfsögðu er stefnt að því að fjölmenna á Fjórðungsglímu.

Pistillinn

Þorsteinn á Syðra-Velli skoraði á mig að skrifa næsta pistil í Áveituna, ekki skorast ég undan því þó ég sé ekki lipur með penna hvað þá að rita í tölvu. Það er rétt hjá Þorsteini að ég hef farið ansi margar ferðir á fjall, oft tvær og stundum þrjár á hausti. Margt hefur þó breyst til batnaðar frá því að ég fór mína fyrstu ferð á fjall þá þrettán ára strákur. Í þá daga var sofið ýmist í tjöldum eða á moldargólfum, menn höfðu með sér nesti og eitthvað til að sofa á og í .Trúss var reiddur á hestum og þetta þótti mönnum ósköp eðlilegt í þá daga. Í dag sofa menn í upphituum húsum með kojum í og klósetti, með í ferð fylgir svo kokkur sem matreiðir í þreytta fjallamenn, trúss er ekið á góðum traktorum, það má því segja að þetta sé orðið lúxus í dag. Eina ferð fór ég ásamt Þorsteini og fleyrum í Sandleit það var árið 1993, var þetta svo sem ósköp venjuleg fjallferð að því undanskildu að með í ferðinni voru myndatökumenn sem voru að gera heimildarmynd um smölun á Flóa- og Gnúpverjaafrétti, var þessi mynd svo sýnd í sjónvarpinu um jól árið eftir og tókst hún bara nokkuð vel. Ferðin var einstaklega vel heppnuð eins og allar þær ferðir sem ég hef farið. Nú eru allar leitir búnar þetta haustið, sláturtíð fer að ljúka og fé var vænt af fjalli eftir einstaklega gott sumar. Vona ég eins og Þorsteinn að menn haldi áfram að reka fé á fjall svo erfingjar okkar fái að njóta þess að ríða um og smala afréttin okkar. Ekki veit ég hversu margar ferðir ég á eftir að fara, en meðan ég kemst á bak og hef heilsu til þá held ég því áfram.

Læt ég þessum stutta pistli mínum lokið hér um leið og ég skora á vin minn Már Ólafsson í Dalbæ að rita næsta pistil.

Þormóður Ólafsson Hjálmholti.

ATVINNA

Vantar fólk til vinnu í nóvember til desember.
Nánari upplýsingar hjá Bjarna: 86 15561 í Túni.

Frá Umf. Baldri:

Þorablót í Þingborg

Umf. Baldur ætlar að halda sitt árlega og sí skemmtilega þorablót laugardagskvöldið 31. janúar nk. Takið daginn frá og byrjið að pússa dansskóna og æfa sporin.

Árgjald Umf. Baldurs

Athygli félag Umf. Baldurs er vakin á því að árgjald ungmennafélagsins er kr. 1.000.- Þeir sem eru á aldrinum 7-13 ára greiða hálf árgjald þ.e.kr. 500.- frítt er fyrir félagsmenn yngri en 7 ára.

Félagar eru vinsamlegast beðnir um að greiða félagsgjaldið í gegnum heimabanka eða hafa samband við viðskiptabankann og biðja gjaldkera um að millifæra. Vinsamlega tilgreinið nafn og kennitölu greiðanda.

Reikningsnúmer Umf. Baldurs er 0586-26-979 og kt. er 471077-0979

Ef spurningar vakna vinsamlegast hafið samband við gjaldkera, Svanhvíti í síma 482-2911 eða á tölvupósti lambastadir@emax.is

Með kveðju,

Svanhvít Hermannsdóttir

gjaldkeri Umf. Baldurs.

Kvenfélagskonur úr Hraungerðishreppi athugið

Kæru kvenfélagskonur, ég verð með opið hús þriðju-dagskvöldið 10 nóvember frá kl 20.00 og fram eftir kvöldi.

Jóla kort SSK verða til sölu.

Kveðja Ásdís Finnsdóttir Lóurima 1 á Selfossi

Árgjald Umf. Samhygðar

Ágætis félagsmenn Umf. Samhygðar, nú er komið að því að innheimta árgjöld fyrir árið 2009. Allir félagsmenn 14 ára og eldri greiða 1.000- kr í árgjald. Ekki er innheimt árgjald af yngri félögum.

Félagar eru beðnir um að greiða félagsgjöldin með millifærslu í heimabanka eða hjá gjaldkera í sínum banka. Tilgreina verður nafn og kennitölu greiðenda.

Reikningsnúmer Umf. Samhygðar er: 0152-26-23817 og kennitala 471077-1359.

Nánari upplýsingar fást hjá gjaldkera Samhygðar Hugrúnu Geirsdóttur í síma 8487765 eða í tölvupósti huggageirs@hotmail.com

Viðburðir hjá Kvenfélagi Gaulverjabæjarhrepps til áramóta

Haustrfundur félagsins var haldinn 13. október s.l. Þar var rætt starfið í félaginu fram til áramóta. Þó nokkuð verður um að vera á þessum tíma, eins og sést á þessari upptalningu hér fyrir neðan:

7. nóvember. Bakstur og kaffiumsjon með KvF. Vill. á afmæli Þjósárvers og Félagslundar

22. nóvember. Kaffiumsjon á 100. ára afmæli Gaulverjabæjarkirkju

5. desember. Menningarferðin

11. desember kl. 15.00. Aðventuskemmtun fyrir eldri borgara í Félagslund

11. desember.kl. 20.30. Föndur- og glöggkvöld kvenfélagsins

27. desember. Jólatrésskemmtun kl. 13.30 og spilakvöld kl. 20.30.

Stjórnin.



Þrjóna sig inn í skammdegið í góðum félagssk

Þrjónakvöld

Hvenær : *Fimmtudaginn 12. nóvember,*

Hvar : *Gaulverjaskóla, kl 20.00*

Folaldasýning Hrossaræktardeildar Villingaholtshrepps

Hin árlega og stórskemmtilega folaldasýning verður haldin 14. nóvember í reiðskemmuni Kolsholti 2 kl. 14.00. Félagsmenn og aðrir velunnarar eru allir velkomnir á sýninguna.

Sýningin verður með hefðbundnu sniði. Félagsmenn eru hvattir til að skrá folöldin sín, skráning er í síma 483-3570 og 898-8779 hjá Erling Skálatjörn og eru allir hvattir til að skrá tímanlega vegna vinnu sýningarskrár.

Stjórnin

Týndir hestar

Brunn hestur á fjórða vetri tapaðist frá Fljótshólum, einnig dökkrauður blesóttur hestur, sem er taminn.

Vinsamlegast hafið samband

486 3434 eða 616 6150 Mareike eða

862 0623 Sturla

Hrósdáلكurinn

Þar sem ég lá í flensu í síðustu viku og hlustaði á kreppufréttir í sjónvarpinu var mér nóg boðið. Ég hugsaði með mér að öll þessi leiðindi og neikvæðni gætu ekki verið nokkrum manni holl – og fór því að reyna að láta mér detta eitthvað jákvætt í hug. Í gegnum flensuþokuna reyndist það mér erfitt en ég náði þó að leiða hugann að öllu því jákvæða sem ég hef kynnst hér síðan ég flutti í sveitina fyrir riflega 5 árum. Og mig langar til að halda á lofti jákvæðni og gleði í samfélaginu okkar í Flóahreppi.

Í sveitarfélaginu okkar býr fullt af frábæru fólki sem rekur alls kyns fyrirtæki og gerir fullt af góðum hlutum í viku hverri. Á þetta langar mig að einblína í stað flensu og kreppu og sting því upp á því að héðan í frá verði „hrósdáلكur“ í Áveitunni þar sem við bendum á það sem vel er gert í Flóahreppi og hrósum fyrir það. Ég ætla að riða á vaðið, hér kemur minn hróslisti:

Hjónin í Gaulverjaskóla, Oddný og Gestur, fá hrós fyrir þær umbætur sem þau hafa gert á Gaulverjaskóla og svæðinu þar í kring. Gaulverjaskóli eins og hann er í dag er Flóahreppi til mikils sóma.

Mér finnst Ragnar í Brandshúsum rosalega skemmtilegur í útvarpi Suðurlands á fimmtudagsmorgnum. Þar segir hann frá lífinu í Flóahreppi og er ófeiminn við að nefna það sem er vel gert. Áfram Ragnar!

Hulda Kristjánsdóttir íþróttafraeðingur fær hrós fyrir að byrja með leikfimitímana „kvennahreysti“ fyrir okkur kerlingarnar. Hún rifur okkur áfram og það skilar sér örugglega til alls samfélagsins að eiga svona margar konur sem hugsa um heilsuna og eru ánægðar með sig ☺

Ég gæti haldið áfram en ætla að láta staðar numið og geyma eitthvað fyrir ykkur hin.

Ég skora á Helga Friðrik Halldórsson í Laufhóli, sem er alltaf jákvæður og hress, að hrósa nokkrum sveitugum í næstu Áveitu.

Bestu kveðjur, Kristín Sigurðardóttir Skólatröð.

Ritstjórn Áveitunnar þakkar Kristínu fyrir þetta ágæta innlegg og leggur til að Hrósdáلكurinn verði starfræktur fram á vor.

Samæfingar í frjálsum hjá HSK

Samæfingar í frjálsum íþróttum hjá HSK fyrir 11-16 eru hafnar undir stjórn Ólafs Guðmundssonar og fleiri þjálfara. Fyrsta æfingin var á dögnum á Laugarvatni, en önnur æfing vetrarins verður í Þorlákshöfn sunnudaginn 15. nóvember kl. 11-13. Allir áhugasamir krakkar ættu að mæta á þessar skemmtilegu æfingar og taka þátt í þeirri góðu stemmningu sem er að myndast í kringum frjálssar íþróttir hjá HSK.

Guðspjónustur í Hraungerðisprestakalli

Hraungerðiskirkja

Guðspjónusta sunnudaginn 1. nóvember, kl. 13:30. Vænst er þátttöku fermingarbarna og aðstandenda þeirra. Söngkór Hraungerðisprestakalls undir stjórn Ingimars Pálssonar leiðir almennan safnaðarsöng. Prestur sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson.

Aðventusamvera í Hraungerðiskirkju sunnudaginn 29. nóvember kl. 16:00.

Villingaholtskirkja

Guðspjónusta sunnudaginn 8. nóvember kl. 13:30. Vænst er þátttöku fermingarbarna og aðstandenda þeirra. Söngkór Hraungerðisprestakalls undir stjórn Ingimars Pálssonar leiðir almennan safnaðarsöng. Prestur sr. Kristinn Ágúst Friðfinnsson.

Sameiginlegir fundir fyrir börn í 8. til 10. bekkjum eru í Selfoskirkju á þriðjudögum kl. 19.30.

Til minningar um Jóhann Kristján Briem Árnason. Fæddur á Oddgeirshólum í Hraungerðishreppi 28. ágúst 1918. Hann lést 27. september síðastliðinn.

Nú hljóðna heimahagar

Sé ég fölvæð strá
falla við drottins tá,
drjúpa bökkum Hvítár.
Hvar það unnir hvílu við móður sína
svo og þú sem leggur nú hendi þína.

Það þreytta hold,
heiman frá grýtttri fold,
fékkst áður við þá jarðarmold.
Með mildi og gæsku vannst upp þann gróður,
græddir hann áður, sem grætur nú smáður,
þig vinur góður.

Með áltarslátt
sál þín nú flýgur hátt
með hvítum, heim í bræðra átt
áð með hrútum á Veiðitúni. En í hljóðum heimahaga
hneggja fráar fyrri daga og flytja heim að búi í Paradís.

Höf: Sandra Steinþórsdóttir

100 ára afmæli Gaulverjabæjarkirkju

Ágætu sóknarborn og aðrir velunnarar Gaulverjabæjarkirkju.

Þann 21. nóvember árið 1909 var vígð kirkja sú, er nú stendur í Gaulverjabæ.

Þann **22. nóvember n.k. kl. 14.00**, verður hátíðarguðsþjónusta í Gaulverjabæjarkirkju í tilefni af 100 ára vígsluafmæli hennar. Sr. Sveinn Valgeirsson sóknarprestur messar. Biskup Íslands, hr. Karl Sigurbjörnsson predikar og Kirkjukór Gaulverjabæjarkirkju leiðir safnaðarsöng, undir stjórn Hauks Gíslasonar. Sóknarnefnd býður öllum kirkjugestum í veislukaffi í Félagslundi að lokinni guðsþjónustu. Þar verður m.a. flutt ágríp af sögu kirkjunnar. Margir hafa sterkar taugar til Gaulverjabæjarkirkju, bæði innan sveitar og utan og hvetjum við alla sem hafa hug til þess, að koma og eiga saman góðan dag í kirkjunni og í Félagslundi og njóta þess sem fram verður borið.

Miklar endurbætur hafa farið fram á kirkjunni undanfarin ár og má heita að nú sé Gaulverjabæjarkirkja með sama útlit og þá hún var nýbyggð.

Sóknarnefnd.

Flóðgáttin

Flóðgáttina hafa borist fréttir úr Pörtunum og víðar, settar í búning af Gísla í Króki

Fréttaskot

Engrar vísu aftar Stebbi,
ei þó Flóðgátt niður lagði.
Í Bótinni hlaut bana rebbi,
bágt að Kristján til hans sagði.

Bragi fór á kreik að kurla,
kornið fyrir truntubassa.
Í gulrótunum streðar Sturla,
staflar þeim í margra kassa.

Íslendingum fer að fækka,
flýja þeir úr köldu landi.
Skattar hækka launin lækka,
lánarisið óstöðvandi.

Nálgast vetur nú um stundir,
næstum engar fréttir góðar.
Enn sjást rúllur út um grundir,
eigendurnir kallast slóðar.

Nú er eftir að vita hvort Flóðgáttinni berast ekki fregnir úr fleiri hornum Flóahrepps, þó eingöngu í bundnu máli.

Stefán Geirsson

stegeir@hotmail.com

Afmælishátíð í Þjósárveri og Félagslundu 7. nóvember

Í tilefni af því að félagsheimilin Þjósárver og Félagslundur eiga 50 og 60 ára afmæli verður haldin afmælishátíð í báðum félagsheimilunum þann

7. nóvember nk.

Afmælishátíðin verður tvískipt. Um daginn verða tónleikar í Þjósárveri og um kvöldið kaffisamsæti í Félagslundu. Tónleikarnir hefjast í Þjósárveri kl.14:00, á þeim koma fram nemendur frá Tónlistaskóla Árnessýslu sem búsettir eru í Flóahreppi, en það eru um 30 einstaklingar sem stunda þar nám, allt frá forskólanemendum upp í unglinga og aðra sem eiga að baki margra ára nám og lokið hafa stigsprófum. Er hér um að ræða fjölbreytta dagskrá með tónlistarfólki á öllum aldri.

Um kvöldið eða kl. 20:30 verður boðið upp á afmæliskaffi í Félagslundu og munu kvenfélög Gaulverjabæjar- og Villingarholtshreppa fara aftur um 50-60 ár og bjóða upp á það bakkelsi sem var algengt á þessum tíma. Þá mun Jón M. Ívarsson, og Hafsteinn Þorvaldsson, segja frá félagsheimilunum. Eigendur félagsheimilanna þ.e. kvenfélögin, ungmennafélögin Samhygð og Vaka og Flóahreppur vilja að þessu tilefni bjóða sveitungum sem og öllum sem hafa áhuga velkomna og eiga góða stund saman.

Undirbúningsnefnd

Söngkór Hraungerðisprestakalls

Allir sem áhuga hafa á kórsöng og góðum félagsskap eru hvattir til að vera með og hafa samband við aðstoðarfólk kórstjóra: Önnu Fíu Schiöth Ólafsdóttur í síma 848-3992 eða Valgerði Gestsdóttur í síma 868-0815.

**Okka vinsæla Hjónaball/ Þorrablót Gaulverja verður
haldið laugardagskvöldið 6. febrúar 2010.
Nánar auglýst síðar.
Nefndin**

Tamning og þjálfun

Tek að mér hross í tamningu og þjálfun í Kolsholti í Flóahrepp.

Hef lokið 4 knapamerkjum í FSu.

**Nánari upplýsingar gefur Guðjón Sigurliði Sigurðsson,
Kolsholti 3 í síma 6611880 eða 4863332.**

Ágætu sveitungar.

Verið velkomin í jólabúðina okkar í Tungu. Mikið úrval af fallegum jóla- og gjafavörum fyrir alla, konur, karla og krakka.

Jólabúðin okkar er notarleg, róleg og rómantísk.

Verslum í heimabyggð fyrir jólin. ☺

Sjáumst.

Sveitabúðin Sóley – Tungu – sími
5668191 & 6991961



Sveitabúðin
Sóley

Dagskrá mánaðarins

Æfing eldri	3. nóvember
Æfing yngri	4. nóvember
Afmæli félagsheimilanna	7. nóvember
Guðsþjónusta í Villingaholtskirkju	8. nóvember
Glímuæfing	9. nóvember
Æfing eldri	10. nóvember
Opið hús hjá Kvf. Hraung.	10. nóvember
Æfing yngri	11. nóvember
Spilakvöld í Þjórsárveri	13. nóvember
Oddviti og sveitarstjóri í Félagslundi	14. nóvember
Folaldasýning Hrossar.deildar Vill.	14. nóvember
Samæfing í frjálsum í Þorlákshöfn	15. nóvember
Glímuæfing	16. nóvember
Æfing eldri	17. nóvember
Æfing yngri	18. nóvember
Opið hús hjá Kvf. Vill.	19. nóvember
Fjórðungsglíma Suðurlands	19. nóvember
Spilakvöld í Félagslundi	20. nóvember
Kornskurðarball í Þjórsárveri	21. nóvember
100 ára afmæli Gaulverjabæjarkirkju	22. nóvember
Glímuæfing	23. nóvember
Æfing eldri	24. nóvember
Æfing yngri	25. nóvember
Aðventusamvera í Hraungerðiskirkju	29. nóvember



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160